


B5
05 JULI 2006
59.55
Tilv UST20060600072

Skipulagsstofnun
 Rúnar Dýrmundur Bjarnason
 Laugavegi 166
 150 Reykjavík



Umhverfisstofnun
Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24
 IS - 108 Reykjavík, Iceland

Tel: +354) 591 2000
 Fax: +354) 591 2010
 umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 4. júlí 2006
 Tilvísun: UST20060600072/bs

Efnistaka við Eyvindará á Fljótsdalshéraði. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 12. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda efnistöku.

Fyrirhuguð er efnistaka við Eyvindará á Fagradal. Áætlað er að taka um 400.000 m^3 í tveimur áföngum á um 260.000 m^2 svæði og mun efnistakan standa til ársins 2035.

Í frummatsskýrslu er lögð fram allítarleg áætlun um vinnslu og frágang. Umhverfisstofnun telur æskilegt að ganga frá hluta vinnslusvæðis árlega til að tryggja sem besta uppgræðslu og minnka ofanafýtingarhauga. Stofnunin telur að kanna ætti hvort unnt verði að koma á slíku verklagi.

Í skýrslunni er fjallað ítarlega um áhrif framkvæmdarinnar á eftirfarandi þætti: Umhverfi, fuglalíf, vatnalíf auch áhrifa á landslag og sjónræna þætti. Fjallað er um mótvægisáðgerðir og gerð grein fyrir þeim sem þeirra er talin þörf.


Umhverfisstofnun telur umfjöllun í frummatsskýrslu um ofangreind atriði til fyrirmynadar. Fyrirhugað efnistökusvæði er á mörkum þess svæðis sem lagt er til að verði friðlýst í tillögu Umhverfisstofnunar sem birt var í Náttúruverndaráætlun 2004-2008. Ástæður friðlýsingar eru að á Egilsstaðahálsli er að finna birkiskog með sérstæðu gróðurfari og sjaldgæfum plöntutegundum.


Umhverfisstofnun telur að fyrirhuguð efnistaka muni ekki hafa áhrif á það gróðurlendi sem lagt er til að verði verndað með friðlýsingu.

Umhverfisstofnun telur að fyrirhugað efnistökusvæði sé vel valið með tilliti til sjónrænna áhrifa bæði meðan á efnistöku stendur og að henni lokinni. Svæðið liggur lágt í landi, náman verður unnin grunnt, unnt er að taka tiltölulega lítil svæði fyrir í einu og frágangur verður samstíga vinnslu.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að efnistaka við Eyvindará muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst


Björn Stefansson


Helgi Jónsson
Forstöðumaður